

Tillaga að ályktun um innviðagjöld

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal, 16. og 17. september 2025, skorar á stjórnvöld að endurskoða núverandi fyrirkomulag innviðagjalds á skemmtiferðaskip og fella leiðangursskip aftur undir undanþágu frá tollum, til að tryggja að gjaldtakan verði ekki til þess að veikja samkeppnisstöðu hafna og draga úr skipakomum.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Vesturbyggðar Gunnþórunn Bender

Greinagerð:

Á undanförnum árum hafa skemmtiferðaskip og minni leiðangursskip verið mikilvægur þáttur í atvinnu- og verðmætasköpun á Vestfirðum.

Eftir að innviðagjaldið var tekið upp, hefur skipakomum fækkað og fyrirséð er að skipakomum fækki enn meira í ljósi þess að skipafélög muni fækka viðkomustöðum.

Afnám undanþágu frá tollum og virðisaukaskatti sem áður gildi um minni leiðangursskip, mun bitna hvað harðast á minni höfnum og er þetta nú þegar farið að hafa afleiðingar.

Þessar breytingar mun hafa mikli áhrif á hafnir sem hafa fjárfest í aðstöðu og innviðum til að taka á móti þessum skipum með öruggum hætti, en byggðu fjárfestingar sínar á forsendum um áframhaldandi skipaumferð.

Þróunin hefur og mun leiða til tekjutaps fyrir hafnirnar og skerðingar á atvinnu og verðmætasköpun á svæðinu, sem grefur undan samkeppnishæfni og dregur úr möguleikum til að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf á jaðarsvæðum.

Slíkar álögur munu draga verulega úr umferð farþegaskipa og tekjumöguleikum fyrir hafnir, sérstaklega á landsbyggðinni.